

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023

Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, þingskjal 154 - 95. Mál.

ÖBÍ styður þingsályktunartillöguna og vonast til þess að hún verði samþykkt.


ÖBÍ réttindasamtök telja að endurskoða þurfi réttindi fatlaðra og langveikra barna til umönnunar foreldra/forsjáraðila enda segir í 23. gr. 3, tölulið í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að „*aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til ijölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og ijölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning*“.

ÖBÍ er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi og samanstendur af 40 aðildarfélögum sem öll eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa og er samanlagður félagafjöldi þeirra um 47.000 manns. ÖBÍ fagnar því að fá umsagnarbeiðni um þingsályktunartillöguna og að vera talið upp ásamt þeim aðilum sem lagt er til að fái sæti í starfshópnum. ÖBÍ telur nauðsynlegt að hagsmunasamtök fatlaðs fólks eigi sæti í starfshópnum til að koma hagsmunum fatlaðra og langveikra barna á framfæri.

Af gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „*aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum tilframskýmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd*“.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ – réttindasamtaka



Andrea Valgeirsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ- réttindasamtaka